

Ed.

524. Frumvarp til laga

[165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 324 með þessum breytingum.

4. gr. hljóðar svo:

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamála- stofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

6. gr. hljóðar svo:

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

8. gr. hljóðar svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram reksturs- og framkvæmdaáætlanir sbr. 9. gr. til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Á hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamála- stofnunar, sbr. 10. gr.

Helstu verkefni hvernar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild;** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna reksturs og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild;** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetningu á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radiósambönd stofnunarinnar, radióeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild;** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild;** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.